

Miðvikudaginn 10. febr. 1926.

Nr. 35/1925. Lögerfingjar Jóns Helgasonar

(Björn P. Kalman)

gegn

skiftaráðandanum í Reykjavík o. fl.

(Lárus Jóhannesson, Guðmundur Ólafsson, Pjetur Magnússon).

Um gildi erfðaskrár.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 17. maí 1924: Erfðaskrárnar frá 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 verða ekki teknar til greina. — Erfingjar þeir sem taldir eru í erfðaskrá Jóns sál. Heglasonar frá 24. apríl 1922 skulu erfa eftirlátnar eigur hans í blutföllum þeim, er sú erfðaskrá greinir. — Erfð eftirlátinna eigna Margrjetar sál. Þorláksdóttur hverfur til erfingja hennar að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu var upphaflega skotið til hæstarjettar með stefnu, dags. 12. júlí 1924, en var vísað frá rjetti með dómi 20. apríl 1925. Nú hefir málinu aftur verið áfrýjað af hálfu lögerfingja Jóns Helgasonar, með stefnu, dags. 17. júlí 1925 samkv. 27. gr. hæstarjettarlaganna. Og þar sem hinir stefndu hafa ekki allir mætt, hefir málið verið flutt skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hrj.laganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Hinum stefndu var öllum stefnt í eigin nafni og voru þó fjórir af þeim ólöggráðir. En þar sem mætt hefir verið löglega af hendi allra hinna ólöggráðu manna þykir ekki þurfa að frávísa málinu ex officio fyrir þessa sök.

Með því að fallast verður á það, að hin sameiginlega gagnkvæma erfðaskrá þeirra hjóna, Jóns Helgasonar kaupmanns og Margrjetar Þorláksdóttur,

frá 27. apríl 1906, sem er vjefengd, sje ógild að lögum, svo sem rjettarframburði vottanna að erfðaskránni er háttað og að öðru leyti samkvæmt forsendum skiftarjettarúrskurðarins, þá ber að staðfesta úrskurðinn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma áfrýjandann Björn P. Kalman, til þess, f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar, að greiða hinum stefndu, sem mætt hafa í málinu, krafist hafa málskostnaðar og fengið kröfum sínum framgengt, málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 100 kr. handa hverjum.

Það athugast, að staðið hefir óhæfilega lengi á sókn og vörn ágreiningsefnisins fyrir skiftarjettinum vegna frests frá 3. jan. 1923 til 22. jan. 1924, og að lögmælt skilyrði brast til þess að annar vitundarvotturinn að ofnannefndri erfðarkrá mætti staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti. En það verður að víta, að áfrýjandinn hefir í sóknarskjölum sínum hjer fyrir rjettinum farið ósæmilegum orðum um nafngreindan látinn mann.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðinum skal óraskað.

Áfrýjandinn, Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar, greiði að viðlagðri aðför að lögum, þeim Guðrúnu Þorláksdóttur, Guðriði Guðmundsdóttur, Guðrúnu Jónsdóttur og lögráðamanni Jóns Ingólfs Sigurjónssonar f. h. Jóns 100 kr. hverju, svo og lögráðamanni þeirra

bræðra Jóns og Axels Hafsteins Þórðarsona
100 kr. f. h. hvors um sig.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hinn 27. apríl 1906 gerðu hjónin Jón Helgason frá Hjalla kaupmaður hjer í bænum og Margrjet Þorláksdóttir, sem ekki eignuðust neitt lífsafkvæmi, sameiginlega erfðaskrá í þá átt, að allar eigur þeirra fastar og lausar, sem skuldlausar yrðu þegar þau væru dáið, skyldu falla til fósturbarna þeirra fjöggra, þannig að Jón Einarsson skyldi erfa $\frac{1}{3}$ hluta, bróðir hans Eyjólfur Martein Einarsson $\frac{1}{3}$ hluta, Bjarni Engilbert Guðnason $\frac{1}{6}$ og Margrjet Guðjónsdóttir $\frac{1}{6}$ hluta. Þessi erfð skyldi þó ekki koma til greina fyr en bæði hjónin væru dáið og skyldi hvort hjónanna sem lengur lifði sitja í óskiftu búi eftir hitt. Í arfleðsluskrá þessari er það tekið fram að hjónin hafi bæði undirritað hana í viðurvist tilkvaddra votta og að þau óski að hún verði bókuð í notarialbók Reykjavíkurkaupstaðar og skuli staðfest eftirrit af henni eftir bókinni hafa sama gildi og frumritið, en ekki ber arfleðsluskráin það með sjer að hún hafi verið færð inn í notarialbókina. Jón sál. Helgason hefir sjálfur ritað nafn sitt undir arfleðsluskrána, en undir nafninu Margrjet Þorláksdóttir stendur orðið „handsalað“.

Nöfn vitundarvottanna eru eigi tilgreind í texta arfleðsluskrárinnar en undir hana hafa skrifað sem vitundarvottar Guðm. Egilsson og Páll Guðmundsson, en eigi annað en nöfn sín, hvorki vottorð um það, að arfleðsendurnir hafi verið með fullu ráði, nje um það, að arfleðsluskráin hafi verið lesin upp skilmerkilega fyrir Margrjeti áður en hún handsalaði nafn sitt undir hana eða hverjum hún hafi handsalað það, eða að hún hafi lesið arfleðsluskrána sjálf.

Hinn 6. september 1906 andaðist arfleðandinn Margrjet Þorláksdóttir og hjelt maður hennar fjelagsbúi þeirra óskiftu eftir sem áður að því er ætla verður með samþykki hlutaðeigandi skiftaráðanda. Hinn 6. desember 1907 andaðist svo Jón Einarsson sá, er erfa skyldi $\frac{1}{3}$ hluta eigna hjónanna eftir arfleðsluskránni frá 27. apríl 1906, barnlaus. Gerði Jón Helgason þá 28. júní 1909 þann viðauka við arfleðsluskrá þessa, ritaðan á

skrána sjálfa og undirritaðan í viðurvist notarii publici að dóttursonur hans Eyjólfur Marteinn Einarsson bróðir Jóns sál. Einarssonar, skyldi koma að því er til arftöku eftir þau hjónin snerti í stað Jóns sál. bróður síns, þannig að til hans fjellu að Jóni Helgasyni látnum $\frac{1}{6}$ hlutar bú síns á móts við þá $\frac{2}{6}$ hluta er falla skyldu til Bjarna Engilberts Guðnasonar og Margjetar Guðjónsdóttur eftir sameiginlegu arfleðsluskránni frá 27. apríl 1906.

Enn gerði Jón sál. Helgason nýja arfleðsluskrá og ritaði á sama blaðið og arfleðsluskráin frá 27. apríl 1906 og viðaukinn frá 28. júní 1909 og undirritaði hana í viðurvist notarii publici 19. apríl 1913. Í þeirri erfðaskrá gerði hann þá ráðstöfun á eignum sínum eftir sinn dag, og eru þar með taldar — eins og segir í þessari arfleðsluskrá — „allar þær eignir sem jeg hef eignast að arfi eftir konuna mína sálugu Margrjeti Þorláksdóttur, að Jón Sigurjónsson til heimilis á Njálsgötu 42 hjer í bænum, skal að mjer látnum erfa $\frac{1}{6}$ — einn sjötta — hluta eignanna en Sigursteinn Guðmundur Þórðarson til heimilis á Grettisgötu 19A hjer í bænum $\frac{1}{2}$ — helming — þeirra og skal hann hafa forgangsrjett til þess að eignast húseignina nr. 45 við Laugaveg hjer í bænum fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta“. Jafnframt er svo ákveðið í arfleðsluskrá þessari, að með henni skuli hinar tvær framanritaðu arfleðsluskrár fallnar úr gildi að því er snerti ráðstöfun eignanna eftir hans dag.

Loks skrifaði Jón sálugi frá Hjalla 4. arfleðsluskrána í viðurvist notarii publici 24. apríl 1922. Ráðstafar hann í þeirri arfleðsluskrá eignum sínum öllum eftir sinn dag „þar með taldar eignir þær, sem jeg hef tekið að arfi eftir konuna mína sálugu, Margrjeti Þorláksdóttur“ þannig: „ $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — hluta eigna minna erfi húsfú Guðrún Jónsdóttir á Efri-Grímslæk í Ölvesi í Árnessýslu, $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — hluta Jón Þórðarson á Grettisgötu nr. 19A í Reykjavík, $\frac{1}{6}$ — einn sjötta — hluta Axel Hafstein Þórðarson á sama stað og $\frac{1}{6}$ einn sjötta hluta Jón Ingólfur Sigurjónsson á Njálsgötu 42 í Reykjavík. Ennfremur stendur í arfleðsluskrá þessari að með henni sju 3 áður gerðar arfleðsluskrár hans dagsettar, 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 fallnar úr gildi að því er snertir ráðstöfun eigna hans eftir hans dag.

Jón Helgason frá Hjalla andaðist 8. ágúst 1922 og var dánarbú hans tekið til opinberra skiftameðferðar. Á skiftafundi í búinu 6. nóvember 1922 komu fram mótmæli frá lögerfingjum

Margrjetar Þorláksdóttur gegn gildi hinnar sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 og frá lögerfingjum Jóns Helgasonar gegn gildi erfðaskrár hans frá 28. júní 1909, 19. apríl 1913 og 24. apríl 1922. Hinsvegar mótmæltu erfingjarnir eftir arfleiðsluskrá Jóns sál. 24. apríl 1922 kröfum lögerfingja Jóns til arfs eftir hann og umboðsmaður erfingja eftir sameiginlegu erfðaskránni kröfum lögerfingja Margrjetar sál. til arfs eftir hana, auk þess sem umboðsmaðurinn geymdi sjer rjett til að mótmæla öllum erfðaskránni Jón sál. og kröfum lögerfingja hans til arfs eftir hann, en umboðsmaður lögerfingja Jóns sál. geymdi sjer rjett til að mótmæla sameiginlegu erfðaskránni.

Skiftarjetturinn leitaði um sættir í málinu en það reyndist árangurslaust og eftir að umboðsmenn þeirra, er gera kröfur til arfs úr búinu, hafa sett fram skriflega kröfur sínar og rökstudd mótmæli, hafa þeir lagt ágreininginn um það, hverjir skuli taka arf eftir hin látnu hjón, undir úrskurð skiftarjettarins.

Hinn 13. september 1922 mættu að tilhlutun umboðsmanna þeirra Margrjetar Guðjónsdóttur þá til heimilis í Ameríku og Bjarna Engilberts Þórðarsonar, þá til heimilis í Kaupmannahöfn, þeir Guðmundur kaupmaður Egilsson, Laugaveg 42 hjer í bænum og Páll bóndi Guðmundsson á Innra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi í því skyni, að þeir yrðu eiðfestir, sem vottar að hinni sameiginlegu erfðaskrá frá 27. apríl 1906. Guðmundur Egilsson kannaðist við undirskrift sína sem vitundarvottur á arfleiðsluskránni og staðfesti með eiði sínum, löglega undirbúinn, þá undirskrift sína og þann framburð sinn, að Jón sálugi Helgason hefði sjálfur af fúsum vilja og með fullu ráði undirskrifað arfleiðsluskrána, en Margrjet sáluga Þorláksdóttir handsalað nafn sitt undir hana, sömuleiðis af fúsum vilja og með fullu ráði, þótt hún hefði verið veik og legið í rúminu er undirskriftin fór fram.

Páll bóndi Guðmundsson kvað það sannfæringu sína að hann hefði ritað nafn sitt sem vottur á arfleiðsluskrána og þá þar með, að hann hafi verið viðstaddur, er undirskriftirnar fóru fram, þótt hann myndi það ekki. Hann kvaðst hafa unnið um tíma að húsasmiði hjá hjónunum voruð 1906 og aldrei sjeð Margrjeti sál. öðruvísi en með fullu ráði. Kvað hann sig minna að hann hefði skrifað sem vottur undir einhvern samning er hjónin gerðu bæði. Hann kvaðst hafa heitið gæði því að vinna ekki eið og ekki gera það. Hinsvegar staðfesti hann framanskráðan framburð sinn löglega undirbúinn með drengskaparvottorði sínu.

Eins og fram hefir verið tekið hafa komið fram mótmæli gegn gildi þessarar sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 byggð á því, að ekki sje framkomin í málinu nægileg sönnun þess, að Margrjet sál. Þorláksdóttir hafi samþykkt hana, sem síðasta vilja sinn og heimilað að skrifa undir hana sitt nafn af fúsum vilja og með fullu ráði eftir að hún hafði lesið sjálf arfleiðsluskrána eða hún verið lesin skilmerkilega upp fyrir henni og er arfleiðsluskráin þá nægilega rengd eftir 23. gr. tilskipunar um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi frá 25. september 1850.

Á þetta verður rjetturinn að fallast.

Arfleiðsluvotturinn Guðmundur Egilsson hefir ekkert um það borið, hver hinn arfleiðsluvotturinn hafi verið, hver hafi lesið arfleiðsluskrána upp fyrir Margrjeti sálugu eða hún hafi lesið hana sjálf, eða hverjum hún hafi handsalað nafn sitt undir hana.

Hinn maðurinn sem leiddur hefir verið sem arfleiðsluvottur í málinu, mundi ekki beint eftir því að hann hefði verið viðstaddur arfleiðslugerninginn, en rjedi það af því, að hann þóttist þekkja nafn sitt á arfleiðsluskránni. Hann mundi það eitt að hann á þeim tíma, sem arfleiðslugerningurinn fór fram hafi unnið hjá hjónunum og minti að hann hafi skrifað sem vottur undir einhvern samning er hjónin gerðu. Hann hefir því ekkert getað um það borið að arfleiðsluskráin hafi verið lesin upp fyrir Margrjeti að hún hafi lesið hana sjálf, lýst því yfir að hún hefði síðasta vilja sinn inni að halda eða handsalað nafn sitt undir hana. Hann hefir auk þess neitað að staðfesta framburð sinn í málinu með eiði, en staðfest hann með drengskaparorði.

Arfleiðsluvottarnir fullnægja því ekki skilyrðum þeim og kröfum, sem gerðar eru til slíkra votta í hinni tilvitnuðu lagagrein og verður hin umrædda arfleiðsluskrá þá ekki lögð til grundvallar við skifti á búinu gegn mótmælum lögerfingja Margrjetar sál. Þorláksdóttur o. fl.

Því hefir verið haldið fram að lögerfingjar Margrjetar sál. hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að mótmæla gildi erfðaskrár þessarar, af því að þeir hafi ekki hafið mótmæli gegn gildi hennar fyrri en eftir dauða manns hennar sálugu og því samþykkt hana óbeinlínis ef ekki beinlínis.

Á þetta verður þó ekki fallist.

Í málinu liggur ekkert fyrir um það að erfðaskráin hafi verið borin undir erfingja Margrjetar sál. við eða eftir lát hennar,

áður en maður hennar dó og í því að þeir hafa ekki fyrri en nú gert kröfur til arfs eftir hana þarf ekki að liggja annað eða meira en það, að þeir hafi fallist á það ákvæði hennar, að Jón sálugi skyldi sitja í óskiftu búi eftir konu sína meðan hann lifði.

Eins og tekið hefir verið fram var erfðaskráin frá 27. apríl 1906 sameiginleg og úr því að hún var ekki bindandi fyrir Margrjeti sálugu eða erfingja hennar, var hún heldur ekki bindandi fyrir Jón sáluga eða erfingja hans. Jóni sáluga var því heimilt að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag með arfleiðsluskrá eins og hann hefir gert, en þar sem arfleiðsluskrá hans frá 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 — auk hinna sameiginlegu erfðaskrár frá 27. apríl 1906 — eru afturkallaðar með arfleiðsluskránni frá 24. apríl 1922, er hjer aðeins spurning um gildi þeirrar arfleiðsluskrár, því verði hún tekin gild, eru hinar aðrar eo ipso úr gildi.

Auk þess sem arfleiðsluskrá Jóns frá 24. apríl 1922 hefir verið mótmælt á þeim grundvelli, að hún væri ógild af því, að Jón sál. hefði verið bundinn við sameiginlegu erfðaskrána, sem ekki verður fallist á af framangreindum ástæðum, hefir henni einnig verið mótmælt á þeim grundvelli að Jón sál. hefði verið svo sárþjáður orðinn bæði á sál og líkama um það leyti, sem sú arfleiðsluskrá var gerð, að hann hafi ekki getað talist hæfur til að gera erfðaskrá. En þetta kemur beint í bág við notarialvottorð það sem á erfðaskrána er ritað og framburð vitnisins Ólafs læknis Þorsteinssonar, sem var annar notarialvotturinn sbr. rjettarskjal nr. 7 og verður ekkert tillit tekið til mótmælanna gegn þessari arfleiðsluskrá að því er arf eftir Jón sál. Helgason snertir, en hann telst hálf fjelagsbú þeirra hjóna eins og það var við fráfali hans að viðbættum þriðjung af búshelmingi konu hans, sem hann erfir eftir hana samkvæmt 15. gr. áðurnefndrar tilskipunar.

Það verður því niðurstaða þessa máls hjer í rjettinum, að viðurkenna erfingja þá, sem taldir eru í arfleiðsluskrá Jóns sál. Helgasonar frá 24. apríl 1922, erfingja að eftirlátnum eigum hans í þeim hlutföllum, sem erfðaskráin tilgreinir, en lögerfingja Margrjetar sál. Þorlákssdóttur erfingja að eftirlátnum eigum hennar í hlutföllum þeim er lög ákveða.